

Áhættustig vegna fuglaflensu

Áhættustig I:

- Lítil hætta á að fuglaflensa berist til landsins.
- Fuglaflensa (H₅N₁) hefur ekki greinst á Bretlandseyjum eða í öðrum nágrennaríkjum.

Viðbrögð

Tryggja að alifuglar hafi ekki aðgang að yfirborðsvatni.

Ekki fóðra alifugla utandyra.

Tryggja að ekkert í umhverfi alifuglabúa laði að villta fugla.

Skerpa umgengnisreglur.

Tryggja góðar meindýravarnir.

Áhættustig II:

- Mikil hætta á að fuglaflensa berist til landsins.
- Fuglaflensa (H₅N₁) greinist á Bretlandseyjum eða í öðrum nágrennaríkjum.
- Fuglaflensa greinist í villtum fuglum hér á landi.

Viðbrögð

Til að forða því að smit berist inn á alifuglabú er m.a. lagt til að:

Hýsa alla alifugla.

Tryggja að fuglar sleppi ekki út úr húsum.

Tryggja að ekkert í umhverfi alifuglabúa laði að villta fugla.

Setja hatta á allar loftræstitúður.

Setja fuglanet fyrir allar loftræstitúður, op og glugga.

Öllum óviðkomandi verði bannaður aðgangur.

Aðeins einn inngangur með fordyri verði í hverju eldihúsi.

Hlífðarföt verði notuð fyrir nauðsynlega gesti.

Þvottur og sótthreinsun handa verði í fordyri.

Sótthreinsimottur eða –bakkar verði við inngang í fordyri.

Rjúfa smitleiðir á milli dýrategunda.

Tryggja góðar meindýravarnir.

Tryggja góðar smitvarnir við vatnsból.

Almennum hreinlætisreglum verði framfylgt (smit berst fyrst og fremst inn á búið með fugladriti).

Áhættustig III:

- Fuglaflensa greinist í alifuglum hér á landi.

Viðbrögð

Viðbragðsáætlun Landbúnaðarstofnunar tekur gildi.